

Nr. 012/15 Valdimar GK 195***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2354 IMO nr. 8302117
Smíðaður: Noregi 1982 stál
Stærð: 344,3 brl. 569 bt.
Mesta lengd: 41,3 m Skráð lengd: 38 m
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m
Vél: Callesen 508 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Valdimar© Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. júní 2014 var Valdimar GK 195 á línuveiðum á Barðagrundi. Veður: SSV 5 m/s og ölduhæð 0,5 m.

Skipverji, sem hafði verið ganga frá fiski í lest skipsins, rann til og slasaði sig á þumalfingri. Fingurinn var spelkaður og fengið far fyrir slasaða með öðrum bát til hafnar þar sem hann leitaði læknis.

Við rannsókn kom fram:

- að misræmi var í skýrslu skipstjóra og framburði slasaða um hvernig slysið varð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.